



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

24. apríl 2019

Mál nr. E-3250/2018:
Stefnandi: Lífeyrissjóður bankamanna
(*Jónas Friðrik Jónsson lögmaður*)

Stefndu: Landsbankinn hf.
(*Andri Árnason lögmaður*)
Seðlabanki Íslands
(*Arnar Þór Stefánsson lögmaður*)
Valitor hf.
(*Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður*)
Reiknistofa bankanna hf.
(*Hallmundur Albertsson lögmaður*)
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
(*Bjarki Þór Sveinsson lögmaður*)
Íslenska ríkið
(*Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður*)

Dómari: Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari

ÚRSKURÐUR

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 2019 í máli nr. E-3250/2018:

Lífeyrissjóður bankamanna

(Jónas Friðrik Jónsson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.

(Andri Árnason lögmaður)

Seðlabanka Íslands

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

Valitor hf.

(Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður)

Reiknistofu bankanna hf.

(Hallmundur Albertsson lögmaður)

Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja

(Bjarki Þór Sveinsson lögmaður)

og íslenska ríkinu

(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfur stefndu 28. mars 2019 var höfðað 21. september 2018 af hálfu Lífeyrissjóðs bankamanna, Skipholti 50b, Reykjavík, á hendur Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, Valitor hf., Dalshrauni 3, Hafnarfirði, Reiknistofu bankanna hf., Katrínartúni 2, Reykjavík, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, Nethyl 2, Reykjavík og íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þannig fram settar:

„*Aðalkrafa:*

A. Að breytt verði samkomulagi, stefnanda annars vegar og hins vegar stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf., er ber heitið *Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja*, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

Þrátt fyrir framangreint skulu Valitor hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkið og Landsbankinn hf. greiða Lífeyrissjóði bankamanna viðbótargreiðslu vegna samkomulags þessa sem hér segir:

Valitor hf.: 194.047.248 kr.

Seðlabanki Íslands: 794.906.783 kr.

Reiknistofa bankanna hf.: 432.283.014 kr.

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja: 7.707.647 kr.

Íslenska ríkið: 120.874.568 kr.

Landsbankinn hf.: 4.086.877.469 kr.

Gjaldddagi framangreindra greiðslna er 15 dögum eftir að Lífeyrissjóður bankamanna gerir kröfu um greiðslu.

Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Valitor hf., Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og íslenska ríkið bera frá 1. janúar 2015 ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild.

B. Verði ekki fallist á kröfur stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið aðalkröfu þessarar, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Fyrsta varakrafa:

A. Að breytt verði samkomulagi, stefnanda annars vegar og hins vegar stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf., er ber heitið *Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja*, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Valitor hf., Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og íslenska ríkið bera frá 1. janúar 2015 ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðfélaga þeirra í Hlutfallsdeild.

B. Verði ekki fallist á kröfu stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið kröfu þessarar, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Önnur varakrafa

A. Að breytt verði samkomulagi, stefnanda annars vegar og hins vegar stefndu Seðlabanka Íslands, Valitor hf., Reiknistofu bankanna hf., Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkisins og Landsbankans hf., er ber heitið *Samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja*, sem gert var á árinu 1997, á þann hátt að í lok samkomulagsins komi eftirfarandi viðbótarákvæði nr. I:

Þrátt fyrir framangreint skulu Valitor hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna hf., Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, íslenska ríkið og Landsbankinn hf. greiða Lífeyrissjóði bankamanna viðbótargreiðslu vegna samkomulags þessa sem hér segir:

- *Valitor hf.: 194.047.248 kr.*
- *Seðlabanki Íslands: 794.906.783 kr.*
- *Reiknistofa bankanna hf.: 432.283.014 kr.*
- *Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja: 7.707.647 kr.*
- *Íslenska ríkið: 120.874.568 kr.*
- *Landsbankinn hf.: 4.086.877.469 kr.*

Gjaldddagi framangreindra greiðslna er 15 dögum eftir að Lífeyrissjóður bankamanna gerir kröfu um greiðslu.

B. Verði ekki fallist á kröfu stefnanda á hendur stefnda Landsbankanum hf. samkvæmt A-lið í kröfu þessari, þá er í stað hans gerðar sömu kröfur á hendur íslenska ríkinu sem varastefnda. Aðild annarra stefndu helst hins vegar óbreytt.

Þriðja varakrafa

Að viðurkennt verði að íslenska ríkið beri ábyrgð frá 1. janúar 1998, gagnvart stefnanda, á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998.

Málskostnaðarkrafa

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda.“

Stefndi Landsbankinn hf. krefst þess aðallega að öllum dómkröfum stefnanda á hendur sér verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Seðlabanki Íslands krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi hvað stefnda, Seðlabanka Íslands, varðar. Til vara er þess krafist að vísað verði frá dómi aðalkröfu stefnanda og annarri varakröfu stefnanda. Til þrautavara er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Stefndi krefst þess til þrautaþrautavara að viðbótarákvæði nr. 1, sem stefnandi krefst að bætt verði við samkomulag aðila frá árinu 1997, mæli fyrir um greiðslu lægri fjárhæðar af hálfu stefnda, Seðlabanka Íslands, til stefnanda en í kröfugerð stefnanda greini en að sýknað verði af þeirri kröfu stefnanda að stefndi skuli bera frá 1. janúar 2015 ábyrgð á skuldbindingum hlutfallsdeildar stefnanda umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðsfélaga stefnda í þeirri deild. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Valitor hf. krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Stefndi Reiknistofa bankanna hf. krefst aðallega frávísunar málsins. Til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Til þrautavara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda í málinu verði lækkaðar verulega og að stefndi verði sýknaður af kröfu stefnanda um að nýtt viðbótarákvæði verði gert við samkomulag aðila frá 1997 sem mæli fyrir um að stefndi skuli frá 1. janúar 2015 bera ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda umfram eignir á hverjum tíma í hlutfalli við skuldbindingar vegna sjóðsfélaga þeirra í Hlutfallsdeild. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Stefndi íslenska ríkið krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er þess krafist að stefnukröfur verði stórkostlega lækkaðar. Í tilviki aðal- og varakröfu er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda en í tilviki þrautavarakröfu að hann verði látinn niður falla.

Endanlegar dómkröfur stefnda Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja eru að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að stefnda verði aðeins gert að greiða hluta af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Í þessum úrskurði eru til úrlausnar aðalkröfur stefndu, sem hér eru sóknaraðilar, um frávísun málsins, að undanskildum stefnda Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, en hann féll frá frávísunarkröfu sinni við flutning þessa þáttar málsins 28. mars 2018.

Stefnandi, sem hér er varnaraðili, krefst þess að kröfu um frávísun verði hafnað. Sóknaraðilar krefjast málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins í þessum þætti málsins. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málsatvik

Stefnandi var stofnaður með reglugerð sem sett var með stöð í 49. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 10/1928. Með lögum nr. 10/1961 og 11/1961 fékk stefnandi heitið Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, og byggðist starfsemi stefnanda á sérstökum samþykktum sem voru nefndar reglugerðir. Starfsmenn fleiri fjármálastofnana en Landsbanka og Seðlabanka gerðust sjóðsfélagar stefnanda og viðkomandi fjármálastofnanir því aðildarfyrirtæki að lífeyrissjóðnum.

Með lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, var bönkunum breytt í hlutafélög og þeir síðan seldir. Í tengslum við þetta gerði stefnandi árið 1997 samkomulag við Greiðslumiðlun hf.-VISA Ísland, Landsbréf hf., Lánasýslu ríkisins, Landsbanka Íslands, Fiskveiðisjóð Íslands, Samband íslenskra bankamanna, Reiknistofu bankanna, Seðlabanka Íslands, Iðnþróunarsjóð og Landsvaka hf. um uppgjör á skuldbindingum þessara aðila við stefnanda. Samhliða uppgjóri aðila var reglum sjóðsins breytt og bakábyrgð aðildarfyrirtækja felld niður. Þess í stað skyldu eignir sjóðsins duga fyrir skuldbindingum hans. Framangreindar breytingar voru ræddar á sjóðsfélagafundi stefnanda 29. janúar 1997 og samþykktar á fundi 19. júní 1997. Með reglugerð nr. 669/1997, sem tók gildi 31. desember 1997, var staðfest sú breyting á skipulagi stefnanda að ábyrgð aðildarfyrirtækja var felld brott. Þá var ákveðið að stefnandi skyldi starfa í þremur fjárhagslega aðskildum deildum. Þeir sem hófu störf og greiddu til stefnanda fyrir 1. janúar 1998 tilheyrðu svokallaðri Hlutfallsdeild og er málið höfðað í þágu þeirrar deildar.

Árið 1998 fór fram tryggingafræðilegt mat á því hvert framlag aðildarfélaganna skyldi vera svo þau teldust hafa gert upp áfallnar skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda eins og þær stóðu 31. desember 1997. Í samræmi við það mat greiddu aðildarfélögin samanlagt til stefnanda um 6,1 milljarð króna vegna áfallinna skuldbindinga.

Árið 2005 höfðaði stefnandi mál, svipað þessu, vegna slæmrar stöðu Hlutfallsdeildar sjóðsins, á hendur Landsbanka Íslands hf. og íslenska ríkinu til vara. Málið var felld.

niður í kjölfar samkomulags sem stefnandi gerði við aðildarfyrirtæki sjóðsins 18. desember 2006 um viðbótargreiðslur til stefnanda, að fjárhæð um 1,4 milljarð króna. Aðildarfyrirtækin sem að því stóðu með stefnanda voru Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Greiðslumiðlun hf. og Fjármálaeftirlitið.

Í árslok 2014 voru bæði áunnin réttindi í sjóðnum og réttindaöflun til framtíðar lækkuð um 9,65%, vegna versnandi stöðu Hlutfallsdeildarinnar. Í samantekt tryggingastærðfræðings frá 5. maí 2015 var bent á þá orsök að lífeyristaka sjóðsfélaga hafi almennt hafist fyrr en forsendur samkomulagsins gerðu ráð fyrir. Árið 2015 tók Fjármálaeftirlitið til skoðunar tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar og fór fram á að stefnandi léti gera nýja tryggingafræðilega athugun á stöðu deildarinnar. Sú athugun lá fyrir í ágúst 2015 og var niðurstaða hennar sú að staða deildarinnar væri neikvæð um 2,7%.

Árið 2017 aflaði stefnandi matsgerðar í því skyni að leita efnislega eftir svörum við m.a. því hvert heildarframlag aðildarfélaga sjóðsins vegna samkomulagsins 1997 hefði þurft að vera ef uppgjörið hefði miðast við upplýsingar um raunþróun tiltekinna tryggingafræðilegra forsendna til 31. desember 2015. Þær forsendur sem matsmaður skyldi miða við voru ávöxtun, almennar launahækkanir, aldursbundnar launahækkanir á starfstíma, aldur við töku eftirlauna, notkun svokallaðrar 95 ára reglu, dánar-, örorku- og giftingarlíkur. Þórir Óskarsson, tryggingastærðfræðingur, var dómkvaddur matsmaður og skilaði hann matsgerð 23. október 2017. Niðurstaða matsgerðarinnar var að heildargreiðsla aðildarfélaganna hefði orðið 7,5 milljarðar króna fyrir áfallnar skuldbindingar, en fyrir liggur að aðildarfélögin greiddu 6,1 milljarð króna miðað við verðlag ársins 1997. Í matsgerðinni eru þessar upphæðir færðar til verðlags í lok árs 2015. Miðað við breytingu á verðlagi hefðu aðildarfélögin samkvæmt því átt að greiða 17,9 milljarða króna fyrir áfallnar skuldbindingar en greiddu jafnvirði 14,4 milljarða. Í kjölfar matsgerðar sendi stefnandi bréf 1. desember 2017 til stefndu þar óskað var eftir afstöðu stefndu til þess hvort að vilji væri til samkomulags, en án árangurs.

Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir dómkröfum sínum

1) Málsástæður sem styðja allar dómkröfurnar

Samkomulagið um uppgjör ábyrgðar á skuldbindingum stefnanda hafi verið ósanngjarnt, forsendur þess hafi brostið og stefndu hafi auðgast með óréttmætum hætti á kostnað stefnanda og sjóðsfélaga hans.

a) Aðild

Stefndu séu þeir lögaðilar sem verið hafi ábyrgðaraðilar á skuldbindingum stefnanda þegar samkomulagið frá 1997 var gert, hafi tekið við skyldum þeirra aðila eða tekist á hendur skuldbindingar samkvæmt samkomulaginu með aðild sinni að Hlutfallsdeild stefnanda og háttsemi, sbr. viðbótarsamkomulagið. Ábyrgð stefndu hafi verið hlutfallsleg, þ.e. pro-rata, og miðuð við þær skuldbindingar sem stofnuðust vegna starfa sjóðsfélaga fyrir stefndu og forvera þeirra. Skipting greiðslu á almennum uppgjöri áfallinna skuldbindinga skv. samkomulaginu hafi verið hlutfallsleg miðað við þetta. Málinu sé beint gegn stefndu á grundvelli 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndi telji að honum sé heimilt að beina sjálfstæðum kröfum að hverjum og einum stefnda og að um samrættar kröfur sé að ræða.

Séðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Valitor hf. og Samband íslenskra bankamanna hafi verið aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda og hafi verið aðilar að samkomulaginu. Hinn 15. desember 2010 hafi Reiknistofa bankanna hf. verið stofnuð og það félag tekið við réttindum og skyldum Reiknistofu bankanna. Valitor hafi áður heitið Greiðslumiðlun hf.–Visa Ísland. Nafni félagsins hafi verið breytt í Greiðslumiðlun hf. og síðan í Valitor hf. Nafni félagsins Samband íslenskra bankamanna hafi verið breytt í Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Lánasýsla ríkisins, Fiskveiðasjóður og Iðnþróunarsjóður hafi verið stofnanir/sjóðir í eigu íslenska ríkisins. Þessir lögaðilar hafi verið ábyrgðaraðilar stefnanda og verið aðilar að samkomulaginu. Þegar þessir lögaðilar hafi hætt rekstri hafi ríkið tekið yfir ábyrgð á skuldbindingum þeirra varðandi stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 138/2007 um breytingu á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, og 9. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf.

Stefndi Landsbankinn hf. eigi aðild að máli þessu og beri skyldur samkvæmt samkomulaginu, sem aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar stefnanda, og hafi einnig með háttsemi sinni tekist á hendur skyldur forvera sinna um efndir samkomulagsins, sbr. ákvæði viðbótarsamkomulagsins. Upphaflegi ábyrgðaraðilinn, sem staðið hafi að samkomulaginu, hafi verið Landsbanki Íslands, sem verið hafi ríkisbanki. Hinn 1. janúar 1998 hafi Landsbanki Íslands hf. tekið til starfa og tekið yfir réttindi og skyldur ríkisbankans. Stefndi Landsbankinn hf., hafi tekið við innlendri starfsemi Landsbanka Íslands hf. í bankahruninu í október 2008. Þrátt fyrir nýja kennitölu eftir bankahrun

hafi stefndi Landsbankinn hf. ákveðið, án formgerninga eða fyrirvara, að taka stöðu Landsbanka Íslands hf. sem aðildarfyrirtæki að stefnanda, þ.á m. Hlutfallsdeildar. Stefndi hafi í framkvæmd sýnt að hann telji sig bundinn af skuldbindingum vegna viðbótarsamkomulagsins frá 2006. Þannig hafi stefndi greitt 27.815,733 krónur, án nokkurs fyrirvara, á árinu 2015 samkvæmt kröfu stefnanda vegna launaþróunar árunna 2008-2012 umfram forsendur samkomulagsins, sbr. viðbótarsamkomulagið. Sú greiðsla hafi bæði tekið til launaþróunar hjá Landsbanka Íslands hf. og stefnda Landsbankanum hf. Þá hafi stefndi, Landsbankinn hf., frá árinu 2009 greitt árlegt rekstrarframlag til stefnanda á grundvelli viðbótarsamkomulagsins og í samræmi við hlutdeild bankans í heildarskuldbindingum Hlutfallsdeildar. Greiðslur þessar hafi verið greiddar án fyrirvara fram til 2016, en eftir að stefnandi hafi leitað eftir samkomulagi um lausn á vanda Hlutfallsdeildar hafi bankinn gert fyrirvara við þessar greiðslur. Samtals hafi stefndi á árunum 2009-2018 greitt 307,3 milljónir króna til reksturs stefnanda, þ.á m. 25,2 milljónir króna árið 2009 vegna rekstrarkostnaðar stefnanda árið 2008.

Landsbréf hf. hafi verið aðili að samkomulaginu. Árið 2003 hafi fyrirtækið verið sameinað Landsbanka Íslands hf. og hafi bankinn tekið við réttindum og skyldum Landsbréfa hf. við þá sameiningu. Sömu rök gildi um aðild stefnda Landsbankans hf. varðandi skuldbindingar vegna þeirra sjóðsfélaga Hlutfallsdeildar sem starfað hafi hjá Landsbréfum hf.

Verði ekki fallist á að stefndi Landsbankinn hf. eigi aðild að málinu beri íslenska ríkið í stað hans ábyrgð á skuldbindingum samkomulagsins gagnvart stefnanda á grundvelli 11. gr. laga nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Aðstaðan sé þá sú sama og ef ekki hefði verið gengið frá samkomulagi um lífeyrisréttindi starfsmanna við hlutafélagavæðingu Landsbanka Íslands.

Samkomulagið frá 1997 hafi verið gert að frumkvæði og síðan með samþykki íslenska ríkisins vegna fyrirhugaðrar formbreytingar og einkavæðingar Landsbanka Íslands. Markmið samkomulagsins og 11. gr. laga nr. 50/1997 hafi verið að lífeyriskjör þáverandi starfsmanna bankans yrðu ekki verri en fyrir breytingu á rekstrarformi bankans. Þannig séu uppfyllt skilyrði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um varaaðild varðandi aðalkröfu og fyrstu og aðra varakröfu stefnanda.

Einsýnt sé að íslenska ríkið sé aðili að þriðju varakröfu stefnanda. Markmiði samkomulagins og 11. gr. laga nr. 50/1997 verði ekki náð nema staðfest verði með dómi að íslenska ríkið beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðsfélaga Hlutfallsdeildar sem hafi starfað í Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 50/1997 hafi komið fram að markmiðið væri að sem minnst röskun yrði á starfshögum almennra starfsmanna Landsbanka Íslands við breytingu bankans í hlutafélag. Jafnframt, að ekki hafi verið gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum réttindum umfram það sem leiðdi af lögnum, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði hafi ríkissjóður borið ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingum.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997 skyldi greiðsluhlutfall ríkissjóðs og viðkomandi hlutafélagabanka (þ.e. Landsbanka Íslands hf.) vera hið sama og hlutfallslegur starfstími starfsmanns hjá hvorum aðila um sig, ef á ábyrgðina reyndi. Í kjölfar falls Landsbanka Íslands hf. sé ljóst að ákvæðið sé óframkvæmanlegt varðandi greiðslu frá þeim hlutafélagabanka og rétt sé að íslenska ríkið beri hallann af því fremur en sjóðsfélagar í Hlutfallsdeild stefnanda. Frá hlutafjárvæðingu Landsbanka Íslands 1. janúar 1998 hefði starfsemi í ríkisbankanum flust yfir í hlutafélagabanka, sem hafi frá þeim degi verið lengstan tíma í meirihlutaeigu ríkisins. Þannig hafi ríkissjóður átt um 70% eignarhlut í Landsbanka Íslands hf. allt til loka árs 2002 og hafi átt nánast allt hlutafé í stefnda Landsbankanum hf. frá því í október 2008.

Íslenska ríkið hafi þegar viðurkennt að 11. gr. laga nr. 50/1997 eigi við um sambærilegar aðstæður, þ.e. þegar forsendur fyrir samkomulagi um lífeyrisgreiðslur gangi ekki eftir. Við hlutafélagavæðingu Landsbanka Íslands hafi Landsbanki Íslands hf. tekið yfir lífeyrisskuldbindingar gagnvart fyrrverandi bankastjórum og aðstoðarbankastjórum ríkisbankans. Við bankahrunið í október 2008, þegar stefndi Landsbankinn hf. hafi tekið yfir innlenda starfsemi Landsbanka Íslands hf., hafi íslenska ríkið tekið ábyrgð á greiðslum lífeyrisskuldbindinga þessara fyrrverandi æðstu starfsmanna Landsbanka Íslands og maka þeirra á grundvelli 11. gr. laga nr. 50/1997. Það myndi ekki samræmast meginreglum laga um jafnræði og forsvaranlega aðstoð vegna elli og örorku, sbr. 65. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár, ef talið yrði að 11. gr. laga nr. 50/1997 næði einungis til lífeyriskjara fyrrum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands, en ekki til almennra starfsmanna sem starfað

hefðu hjá Landsbanka Íslands fyrir breytingu bankans í hlutafélag. Íslenska ríkið gæti ekki samkvæmt ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar svipt starfsmenn Landsbanka Íslands, án þess að fullar bætur kæmu fyrir, þeim stjórnarskrárvarða eignarrétti sem felist í því að lífeyrisskuldbindingar gagnvart þeim báru ríkisábyrgð. Því til viðbótar sé það einnig ósanngjarnt í ljósi jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og lífeyrisréttar samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar að íslenska ríkið neiti að taka ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðsfélaga stefnanda í ljósi samninga ríkisins við Bandalag háskólamaanna og Kennarasamband Íslands um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR), sbr. lög nr. 127/2016. Þar hafi verið samið um uppgjör á ábyrgð ríkisins gagnvart LSR með eingreiðslu, auk framlags í sérstakan varúðarsjóð ef forsendur myndu ekki ganga eftir.

b) Ráðstöfun sakarefnis

Stefndi Landsbankinn hf. hafi haldið því fram að við gerð viðbótarsamkomulagsins hafi stefnandi kosið að ráðstafa hagsmunum sínum með þeim hætti að falla frá frekari kröfum á hendur aðildarfyrirtækjum sem tengst hafi forsendum og uppgjöri skuldbindinga aðildarfyrirtækja. Slíkt sjónarmið stefnda eigi ekki við rök að styðjast hvorki með hliðsjón af efni viðbótarsamkomulagsins né stjórnarskráryörðum rétti stefnanda að leita úrlausnar dómstóla um réttindi sín, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. og 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Í formála viðbótarsamkomulagsins komi skýrt fram að fundur sjóðsfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda hafi samþykkt heimild stjórnar sjóðsins til þess að ganga til samninga við aðildarfyrirtækin á ákveðnum grundvelli. Jafnframt segi að tillagan fylgi með samkomulaginu. Í síðustu málsgrein tillögunnar segi svo:

Lífeyrissjóður bankamanna fellur frá frekari kröfum á hendur aðildarfyrirtækjum, sem tengjast framangreindum forsendum og uppgjöri skuldbindinga aðildarfyrirtækjanna við lífeyrissjóðinn vegna þeirra.

Á undan þessari setningu séu málsgreinar sem tengist þeim forsendum sem viðbótarsamkomulagið hafi tekið til, þ.e. vegna launahækkana og rekstrarkostnaðar. Sjóðsfélagafundur hafi ekki samþykkt að fallið yrði frá kröfum vegna annarra forsendna en hin samþykkt tillaga hafi tekið til. Jafnframt verði stefnandi ekki um aldur og ævi sviptur málsóknarrétti til að fá breytt ósanngjörnu samkomulagi um mikilsverð stjórnarskrárvarin réttindi. Hin viðtæka túlkun stefnda Landsbankans hf. á

viðbótarsamkomulaginu sé ósanngjörn í ljósi 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga, nr. 7/1936, og grundvallarreglna um aðgang að dómstólum.

c) Niðurstaða matsgerðar

Stefnandi hafi aflað matsgerðar til að leita efnislega eftir svörum við því hverjar greiðslur ábyrgðaraðila vegna Hlutfallsdeildar hefðu átt að vera fyrir áfallnar skuldbindingar og hvað heildariðgjald lífeyris hefði þurft að vera miðað við þróun á forsendum samkomulagsins. Í matsgerð, dags. 23. október 2017, hafi matsmaður reiknað fjárhagsleg áhrif þeirra frávika þar sem breytingar hefðu orðið frá forsendum samkomulagsins án þess að úr hefði verið bætt. Í forsendum matsgerðarinnar hafi komið fram að breytingar hefðu orðið á forsendum um aldur við lífeyristöku (þ.m.t. 95 ára reglu), lífslíkum, örorkulíkum og hjúskaparlíkum. Ekki hefðu orðið breytingar vegna launaþróunar vegna þess að leiðrétt hefði verið fyrir þeim þætti með viðbótarsamkomulaginu. Ekki hefðu orðið breytingar vegna ávöxtunar. Niðurstaða matsgerðar sé sú að ábyrgðaraðilar hefðu átt að greiða rúmlega 7,5 milljarða króna fyrir áfallnar skuldbindingar en hafi greitt um 6,1 milljarða króna miðað við verðlag ársins 1997. Þá hefði nauðsynlegt heildariðgjald til að mæta framtíðarkostnaði við lífeyrisskuldbindingar þurft að vera 20,63% í stað 18,4%, en mismunur á verðmæti þessa iðgjaldahlutfalls nemi 810 milljónum króna miðað við verðlag í lok árs 1997. Í matsgerð séu framangreindar fjárhæðir færðar til verðlags í árslok 2015. Það sýni, að miðað við breytingu á verðlagi, þá hafi ábyrgðaraðilarnir átt að greiða 17,9 milljarða króna fyrir áfallnar skuldbindingar en hafi greitt 14,4 milljarða króna - eða um 3,5 milljörðum króna of lága fjárhæð. Þá sé verðmæti mismunar vegna lægra iðgjalds 1,9 milljarðar króna. Því hafi samkomulagið hallað á stefnanda sem nemi 5,4 milljörðum króna fært til verðlags í árslok 2015, miðað við breytingu á verðlagi. Miðað við þróun kaupgjalds hafi hallað á stefnanda sem nemi tæplega 8,3 milljörðum króna.

2) Málsástæður fyrir aðalkröfu stefnanda, og A-lið fyrstu varakröfu og A-lið annarrar varakröfu stefnanda

a) Kröfugerð stefnanda

Viðbótargreiðsla samkvæmt viðbótarákvæðinu byggir á niðurstöðu matsgerðar dómkvadds matsmanns um fjárhagslegt umfang frávika frá forsendum samkomulagsins, miðað við verðlag vísitölu til verðtryggingar í september 2018. Þess sé krafist að viðbótarákvæðið mæli fyrir um greiðslu stefndu í sömu hlutföllum og

miðað hafi verið við þegar samkomulagið hafi verið gert. Viðbótargreiðslan samanstandi annars vegar af greiðslu vegna vangreiðslu vegna áfallinna skuldbindinga og hins vegar vangreiðslu vegna vanáætlunar heildariðgjalda. Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Valitor hf. nemi 194.047.248 krónum, og skiptist þannig í 107.858.589 krónur og 86.188.659 krónur. Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Seðlabanka Íslands nemi 794.906.783 krónum, og skiptist í 564.121.747 krónur og 230.785.036 krónur. Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Reiknistofu bankanna hf. nemi 432.283.014 krónum og skiptist í 191.112.074 krónur og 241.170.940 krónur. Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja nemi 7.707.647 krónum og skiptist í 2.562.091 krónu og 5.145.556 krónur. Fjárhæð viðbótargreiðslu stefnda íslenska ríkisins miðist við hlutdeild Lánasýslu ríkisins, Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnþróunarsjóðs og nemi samtals 120.874.568 krónum. Fjárhæðin skiptist í 62.819.541 krónu og 58.055.027 krónur. Fjárhæð greiðslu stefnda Landsbankans hf. miðist við hlutdeild Landsbanka Íslands og Landsbréfa hf. samkvæmt samkomulaginu og nemi samtals 4.086.877.469 krónum. Fjárhæðin skiptist í 2.686.055.348 krónur og 1.400.822.121 krónur.

Í aðalkröfunni sé þess einnig krafist að gerð verði sú breyting á samkomulaginu að frá og með 1. janúar 2015 beri stefndu ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda umfram eignir á hverjum tíma í samræmi við hlutfall skuldbindinga sjóðsfélaga þeirra í Hlutfallsdeild. Dagsetningin miðist við að tryggja til framtíðar þau réttindi sem sjóðsfélagar í Hlutfallsdeild njóti eftir að hafa verið gert að þola 9,65% skerðingu á réttindum sínum í lok árs 2014. Leitast sé við að rétta af þá innbyggðu ósanngirni sem hafi falist í samkomulaginu, að setja alla áhættu á þróun skuldbindinga til framtíðar á Hlutfallsdeild stefnanda.

b) Málsástæður byggðar á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og gagnkvæmri trúnaðarskyldu samningsaðila

Breyta eigi samkomulaginu þannig að beitt sé sanngirnismælikvarða til þess að fá fram þá niðurstöðu sem að hafi verið stefnt, þ.e. að lífeyrisréttindum sjóðsfélaga yrði ekki stefnt í hættu. Í 36. gr. samningalaga komi fram að við mat á því hvort samningur teljist ósanngjarn beri að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Öll þessi atriði, auk heildarmats leiði til þess að samkomulag aðila sé ósanngjarn.

Markmið samkomulagsins hafi verið að þáverandi sjóðsfélagar stefnanda skyldu vera jafnsettir og fyrir þá breytingu að ábyrgðin hafi verið afnumin. Lífeyriskjör þáverandi sjóðsfélaga hafi þannig til framtíðar átt að vera jafntrygg eins og að baki þeim stæði ábyrgð stefndu. Þessi áhersla hafi m.a. komið fram hjá stjórnarmönnum stefnanda á sjóðsfélagafundum 29. janúar 1997 og 19. júní 1997.

Samkomulagið hafi verið óvenjulegt, varðað verulega hagsmuni einstaklinga og öll áhætta á efndum þess hafi verið lögð á stefnanda og þannig óbeint á viðkomandi einstaklinga. Samkomulagið hafi verið flókið, varðað afnám ábyrgðar á lífeyrisskuldbindingum og byggt á áratuga framtíðarmati tiltekinna forsendna. Stór hluti endurgjalds til stefndu hafi komið til strax, þ.e. afnám ábyrgðar, en verðmæti gagngjalds til stefnanda hafi verið óvísst. Þrátt fyrir að stefnandi hafi fengið eingreiðslu vegna uppgjors ábyrgðar og iðgjaldagreiðslur stefndu hafi verið hækkaðar vegna framtíðarréttinda, þá hafi stefnandi borið einhliða áhættu til áratuga af þróun lífeyrisskuldbindinga og þeirra forsendna sem samkomulagið hafi byggt á.

Verðmæti endurgjalds stefndu hafi verið ósanngjarnt gagnvart stefnanda og efni samkomulagsins óeðlilega hagstætt stefndu. Ósanngjarnt hafi verið að láta stefnanda einan bera áhættu af samkomulagi sem gert hafi verið fyrir tilstuðlan og vegna hagsmuna íslenska ríkisins og stefndu. Þá telji stefnandi að það hafi verið sérstaklega ósanngjarnt að setja alla áhættu á fullum efndum samkomulagsins á Hlutfallsdeild stefnanda, enda ljóst að erfitt yrði fyrir lokaða deild að bregðast við frávikum í forsendum.

Samkomulagið og efndir þess hafi miðað við niðurstöður útreikninga varðandi verðmæti eigna, skuldbindinga, iðgjalda og framtíðarskuldbindinga. Þessir útreikningar hafi byggt á ákveðnum tryggingarfræðilegum forsendum. Forsendur samkomulagsins hafi ekki gengið eftir. Með viðbótarsamkomulaginu árið 2006 hafi verið staðfest að launaþróun hefði farið töluvert umfram forsendur samkomulagsins. Þrátt fyrir viðbótarsamkomulagið hafi á árinu 2014 þurft að skerða réttindi sjóðsfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda um tæp 10% til að mæta halla á tryggingarfræðilegri stöðu deildarinnar. Með matsgerð, dagsettri 23. október 2017, sé staðfest að forsendur samkomulagsins hafi ekki gengið eftir. Eftir að bætt hafi verið úr forsendubresti vegna launaþróunar með viðbótarsamkomulaginu árið 2006 hafi það verið veigamikill þáttur frávika frá samkomulaginu að lífeyristaka myndi hefjast fyrr en forsendur

samkomulagsins hafi gert ráð fyrir. Það hafi þau áhrif að iðgjöld séu greidd í styttri tíma og lífeyrir greiddur lengur. Þar sem forsendur samkomulagsins hafi ekki gengið eftir hafi markmið þess og efndir ekki orðið með réttum og sanngjörnum hætti.

Ekki hafi verið jafnræði með aðilum við samningsgerðina og styrkur aðila hafi verið og sé enn í dag mjög mismunandi. Samkomulagið hafi verið gert vegna hagsmuna og frumkvæðis stærsta ábyrgðaraðila stefnanda, Landsbanka Íslands, og íslenska ríkisins, sem lagt hafi mikið kapp á breytinguna. Samskipti við stefndu vegna samkomulagsins hafi einkum hvílt á þriggja manna stjórn stefnanda, en hún hafi að meirihluta verið skipuð fulltrúum ábyrgðaraðila. Þriðji stjórnarmaðurinn hafi verið lykilstarfsmaður Landsbanka Íslands. Áhrif stefndu hafi því verið veruleg á vinnu stefnanda við samkomulagið. Áhætta á neikvæðri þróun og skerðingu lífeyrisréttinda hafi verið mun þungbærari fyrir stefnanda og einstaka sjóðsfélaga, en byrði stefndu af ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda. Breyting á samkomulaginu geti vart talist þungbær fyrir gagnaðila í ljósi fjárhagslegs styrks þeirra. Hins vegar myndi breytingin skipta miklu máli fyrir stefnanda og óbeint fyrir sjóðsfélaga Hlutfallsdeildar, en lífeyrisþegar fái í dag greitt að meðaltali 200 þúsund krónur í lífeyri.

c) Málástandur um brostnar forsendur

Sérstök atvik máls þessa og ólögfestar meginreglur fjármunaréttar um brostnar forsendur leiði til þess að breyta eigi samkomulagi aðila í samræmi við aðalkröfu hans. Það hafi verið grundvallarforsenda og ákvörðunarástæða af hálfu stefnanda fyrir gerð samkomulagsins að þáverandi sjóðsfélagar hans yrðu jafnsettir með lífeyrisréttindi sín eins og ef ábyrgðar nyti við og að lífeyrisréttindum til framtíðar yrði ekki stefnt í hættu. Forsendan sé veruleg á almennan mælikvarða enda séu lífeyrisréttindi mikilvæg stjórnarskrárvarin réttindi, þáttur í launakjörum og varði mikla fjárhagslega hagsmuni stefnanda og þeirra einstaklinga sem eigi réttindi hjá honum. Stefndu hafi verið ljós þessi grundvallarforsenda. Ósanngjarnt væri að leggja áhættu af þeim forsendubresti sem hafi orðið á stefnanda frekar en stefndu, sem séu almennt fjárhagslega sterkir lögaðilar.

d) Málástandur um óréttmæta auðgun

Byggt sé á hinn ólögfestu auðgunarreglu í íslenskum rétti. Stefndu hafi hlotið óréttmæta auðgun vegna ósanngirni samkomulagsins þannig að stefnandi hafi hlotið tjón og beri stefndu að skila þessum ávinningi sínum. Stefndu hafi hlotið of lágt

endurgjald fyrir þær lífeyrisskuldbindingar sem honum hafi verið gert að standa skil á samkvæmt samkomulaginu. Greiðslur stefndu fyrir áfallnar skuldbindingar hafi verið of lágar og iðgjald verið ákveðið of lágt miðað við þau lífeyrisréttindi sem það hafi átt að mæta. Stefndu hafi þannig losnað undan skuldbindingum sínum án þess að hafa þurft að greiða fyrir þær eðlilegt og samngjarnt endurgjald. Tjón stefnanda vegna þessa nemi hinn óréttmætu auðgun stefndu.

3) Málsástæður fyrir þriðju varakröfu stefnanda

Stefnandi eigi augljósa lögvarða hagsmuni, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, af því að fá viðurkenningardóm um tilvist og efni réttarsambands aðila. Þ.e. því að stefndi Íslenska ríkið beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðsfélaga sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998. Ábyrgð stefnda Íslenska ríkisins leiði af 11. gr. laga nr. 50/1997. Af ákvæðinu í heild sjáist að ábyrgðin taki til heildarlífeyrisskuldbindinga vegna viðkomandi starfsmanna þegar á hana reyni. Þar sem ljóst sé að 2. mgr. 11. gr. ákvæðisins um skiptingu á milli Íslenska ríkisins og Landsbanka Íslands hf. sé óframkvæmanleg vegna falls hlutafélagabankans, þá verði Íslenska ríkið með vísan til 72. gr. og 76. gr. stjórnarskrár að bera hallann af slíku fremur en stefnandi og þeir sjóðsfélagar hans sem verið hafi starfsmenn Landsbanka Íslands. Önnur niðurstaða myndi leiða til þess að stjórnarskrárvarin lífeyrisréttindi fyrrum starfsmanna Landsbanka Íslands, sem tryggð hafi verið með ríkisábyrgð samkvæmt lögum nr. 113/1996, hefðu verið skert verulega án þess að fullar bætur kæmu fyrir. Jafnframt sé fyrirsjáanlegt að lífeyrisréttindi í Hlutfallsdeild stefnanda yrðu í framtíðinni skert enn frekar. Annað væri í andstöðu við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár í ljósi þeirrar ákvörðunar stefnda Íslenska ríkisins að takast á herðar lífeyrisskuldbindingar fyrrum bankastjóra Landsbanka Íslands. Niðurstaða um ábyrgð stefnda Íslenska ríkisins á skuldbindingum stefnanda muni leiða til lykta fyrirbyggjandi ágreining aðila um ábyrgð Íslenska ríkisins á lífeyrisskuldbindingum samkvæmt 11. gr. laga nr. 50/1997 og skipta miklu varðandi starfsemi stefnanda og fjárhag hans.

Málsástæður og lagarök stefnda Landsbankans hf. fyrir frávisunarkröfu

Stefndi vísar til þess að þrátt fyrir að unnt sé með dómi, að tilteknum þröngum lagaskilyrðum uppfylltum, að breyta samningi eða víkja til hliðar í heild eða að hluta, þá feli sú heimild ekki í sér að það sé á færi dómstóla að bæta við samning ákvæði

sem hafi ekki verið þar áður. Þ.e. „viðbótarákvæði“, sem feli í sér nýjar skuldbindingar sem ekki hafi verið samið um í þeim samningi sem um ræði. Slíkt falli ekki undir úrlausn sakarefnis í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991. Heimild dómstóla til að breyta samningi sækir stoð sína í m.a. 36. gr. laga nr. 7/1936, og takmarkist við breytingu í þeim skilningi að fyrirbyggjandi samningsákvæði sé breytt, vikið til hliðar eða hnikað með tilteknum hætti, sbr. orðalag greinarinnar. Eðli máls samkvæmt verði að túlka þessa heimild þröngt, m.t.t. valdheimilda dómstóla, sem og meginreglna samningaréttar um samningsfrelsi og -förræði. Kröfugerðin sé því ótæk að þessu leyti til. Þá verði reglum um brostnar forsendur almennt ekki beitt til að breyta samningi, sbr. t.d. dómur Hæstaréttar frá 21. júní 2011 í máli nr. 542/2010.

Þá verði að gjalda varhug við því að fyrir dómstóla sé lagt að mæla fyrir um viðbætur eða breytingar á samningi sem gerður hafi verið og efndur, og gerast þannig einhvers konar „samningsaðili“ í þeim skilningi, þegar kröfugerð í málum verði auðveldlega hagað með þeim hætti að sakarefni geti verið í formi hefðbundinna fjár- eða viðurkenningarkrafna, sem dómur taki afstöðu til.

Kröfugerð stefnanda feli ekki einungis í sér að lagt sé fyrir dómstól að bæta ákvæði við samning, heldur sé miðað við að það ákvæði gangi gegn öðrum ákvæðum samningsins og meginmarkmiði hans, án þess að gerð sé krafa um að samningnum sé að öðru leyti vikið til hliðar eða breytt. Slíkt fái ekki staðist. Breyti engu í þessu sambandi þó að notað sé orðalagið „[þ]rátt fyrir framangreint“ í dómkröfum stefnanda. Í þeim felist í raun að með tilstuðlan dómstóla knýi stefnandi stefnda til samningsgerðar við sig. Með dómkröfum stefnanda er lúti að 1997 samkomulaginu sé endurvakin ábyrgð aðildarfyrirtækja á skuldbindingum Hlutfallsdeildar stefnanda frá þeim tíma í reynd sem hún féll niður og til framtíðar. Með þessu sé ekki tekið tillit til þess að ábyrgð aðildarfyrirtækja stefnanda á skuldbindingum stefnanda hafi verið afnumin með 1997 reglugerðinni, þrátt fyrir að uppgjör aðildarfyrirtækja gagnvart stefnanda hafi farið fram á grundvelli 1997 samkomulagsins. Með vísan til framangreinds heyrir ekki undir dómstóla að leysa úr því „sakarefni“ sem felist í dómkröfum stefnanda, eins og þær séu fram settar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 og almennar reglur einkamálaréttarfars.

Kröfugerð stefnanda sé þeim annmarka háð að í dómkröfunum felist krafa um breytingu á samkomulagi sem tekið hafi gildi á árinu 1997, og verið efnt af hálfu aðila

þess á árinu 1998, í þá veru að „Landsbankinn hf.“, þ.e. stefndi, hafi greitt 4.086.877.469 krónur samkvæmt 1997 samkomulaginu. Í þessu felist sú rökleysa, að aðila sem hafi ekki verið til við gerð 1997 samkomulagsins og efndir þess, verði gert að greiða tiltekna fjárhæð samkvæmt samkomulaginu, miðað við breytingar á forsendum þess á nær 20 ára tímabili eftir gerð þess og efndir. Þessi framsetning dómkrafna fáið stöðist.

Þá sé málatilbúnaður stefnanda, að því er varði aðild stefnda og heimild til að beina dómkröfum að honum í máli þessu, verulega vanreifaður, þannig að til frávísunar leiði. Heimild til að breyta eða víkja samningi til hliðar með dómi verði að jafnaði einungis beitt gagnvart aðilum þess samnings sem um ræði. Óumdeilt sé að stefndi hafi ekki verið aðili að 1997 samkomulaginu, enda hafi stefndi ekki verið stofnaður fyrr en haustið 2008. Jafnframt sé óumdeilt að stefndi teljist ekki aðili 1997 samkomulagsins á grundvelli framsals.

Engu geti breytt í þessu sambandi þótt lítið yrði svo á, gegn mótmælum stefnda, að stefndi kunni að bera ábyrgð á skuldbindingum er rekja megi með einhverjum hætti til 1997 samkomulagsins. Gera verði skýran greinarmun á því annars vegar hvort aðild stefnda sé reist á ábyrgðarsjónarmiðum eða því hvort hann teljist beinn samningsaðili. Stefnandi hafi ekki gert nægilega grein fyrir því hvort og þá hvernig stefndi geti talist beinn aðili að nefndu samkomulagi, sem gert hafi verið löngu fyrir stofnun hans, þannig að dómkröfum stefnanda um förmlega breytingu þess verði að honum beint. Því verði ekki séð að stefnandi hafi gert fullnægjandi grein fyrir þeim lögvörðu hagsmunum sem hann hafi af dómkröfum sínum, er leiði til frávísunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Um fjöllum í stefnu, um grundvöll varnaraðildar stefnda, sem stefndi mótmæli, geti vart talist fullnægjandi að þessu leyti. Þar sé t.d. einungis að takmörkuðu leyti víkið að því á hvaða grundvelli stefndi geti borið skyldur samkvæmt 1997 samkomulaginu eða hvað felist í því í lagalegum skilningi að Landsbanki Íslands hf. teljist „forveri“ stefnda. Ekki sé víkið að ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til stefnda eða þýðingu þeirra í fyrirbyggjandi samhengi, auk þess sem ekki sé skýrt hvers vegna kröfum stefnanda hafi ekki verið eða sé ekki beint að Landsbanka Íslands hf. (nú LBI ehf.). Skortur á aðild Landsbanka Íslands hf. (nú LBI ehf.) valdi raunar frávísun málsins einn og sér, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr.

91/1991. Ekkert sé vikið að því hvort og þá hvaða þýðingu 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997, um skiptingu „greiðsluhlutfalls ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi hlutafélagsbanka hins vegar“, hafi í þessu sambandi og hvort því ákvæði sé fylgt í kröfugerð stefnanda. Jafnframt sé ekkert vikið að því í stefnu hvort það hafi verið ríkisviðskiptabankinn Landsbanki Íslands sem hafi verið aðili að 1997 samkomulaginu og þá hvort skuldbindingar ríkisviðskiptabankans samkvæmt samkomulaginu hafi síðan flust til Landsbanka Íslands hf. og þaðan til stefnda. Í þessu ljósi teljist skýrleikakröfum d- og e- liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 varit fullnægt.

Ekki sé nægilega útskýrt í stefnu hvers vegna viðbótarákvæði I í dómkröfum stefnanda mæli fyrir um greiðslu stefndu í sömu hlutföllum og miðað var við þegar samkomulagið 1997 hafi verið gert, án þess hins vegar að ráðið verði af stefnu eða öðrum gögnum, að hlutföllin séu í raun þau sömu. Auk þess sé óútskýrt hvort og þá hvernig tekið sé tillit til greiðslna aðildarfyrirtækja stefnanda samkvæmt viðbótarsamkomulaginu við útreikninga stefnanda og framsetningu dómkröfu hans.

Málsástæður og lagarök stefnda Seðlabanka Íslands fyrir frávísunarkröfu
Aðalkrafa stefnda um að málinu verði vísað frá dómi hvað hann varði byggist á því að stefnandi hafi ekki gætt að því að beina málsókn að öllum þeim sem aðild hafi átt að samkomulaginu frá 1997, eða hafi komið í þeirra stað, t.d. ekki Landsbanka Íslands hf. Þá sé ekki í stefnu fjallað um afdrif eins aðila samningsins, þ.e. Landsvaka hf., sem samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns og málalíbúnaði stefnanda hafi átt með réttu að greiða til stefnanda 5.820.764 krónur. Landsvaki hf. eigi hins vegar ekki aðild að málinu. Ekki verði dæmt um kröfu um breytingu á samningi nema þess sé gætt að allir aðilar samningsins eigi aðild að slíku máli, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt verði að taka frávísunarkröfuna til greina, sbr. 2. mgr. 18. gr. sömu laga.

Varakrafa stefnda um að aðalkröfu stefnanda og annarri varakröfu verði vísað frá dómi byggist á því að töluleg kröfugerð stefnanda í þeim kröfum sé vanreifuð. Því beri að vísa þessum kröfufliðum frá dómi með vísan til 80. gr. laga nr. 91/1991 og meginreglna einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málalíbúnað. Kröfurnar lúti m.a. að því að breyta skuli samkomulagi aðila frá 1997 með þeim hætti að í lok samkomulagsins komi viðbótarákvæði sem kveði á um að stefndu skuli hver og einn

greiða tiltekna fjárhæð til stefnanda í viðbótargreiðslu með gjalddaga fimmtán dögum eftir að stefnandi geri kröfu um greiðslu. Í rökstuðningi fyrir kröfugerðinni í stefnu segi að viðbótarákvæðið „mæli fyrir um greiðslu í sömu hlutföllum og miðað var við“ þegar samkomulagið 1997 hafi verið gert. Séu greiðslur einstakra stefndu, t.d. stefnda Seðlabanka Íslands, árið 1997 hins vegar bornar saman við þær greiðslur sem viðbótarákvæðið kveði á um að hver stefndi skuli inna af hendi komi í ljós að þar sé ekki um „sömu hlutföll“ að ræða. Hlutföllin séu allt önnur og engar sérstakar skýringar séu gefnar á því í stefnu. Í matsgerð sé einvörðungu að finna heildarfjárhæðir meintrar vangreiðslu en ekki sundurliðað hvað varði hvern og einn stefnda. Þá sé lítið liðsinni að finna í dóm skjali sem vísað sé til í stefnu um sundurliðun kröfunnar. Það skjal hafi vissulega að geyma sundurliðun gagnvart hverjum og einum stefnda, en forsendur þeirrar sundurliðunar sé þar ekki að finna. Þá sé ekki sömu hlutföll milli greiðslna einstakra aðila á árinu 1997 vegna 95 ára reglunnar og uppreiknaðra greiðslna sem krafist sé að einstakir stefndu greiði nú vegna sömu reglu. Engar skýringar séu á því misræmi í stefnu. Loks sé ekki vikið að því hvernig með meinta vangreiðslu Landsvaka hf. skuli fara, sem samkvæmt matsgerð nemi 5.820.764 krónum, en engin krafa sé gerð á hendur honum í stefnu.

Ekki sé reifað í stefnu eða um það fjallað í matsgerð hvernig sú viðbótargreiðsla sem sannanlega hafi verið innt af hendi til stefnanda af sumum stefndu árið 2006, að fjárhæð 1.409.799.122 krónur, komi inn í útreikninga á kröfum stefnanda. Í stefnu sé því haldið fram að í forsendum matsgerðarinnar komi fram að ekki hafi orðið „breytingar vegna launapróunar [frá árinu 1997] vegna þess að leiðrétt hafi verið fyrir þeim þætti með Viðbótarsamkomulaginu“. Aðalmatsspurning stefnanda hafi hins vegar ekki vikið að þessu atriði heldur hafi hún verið orðuð á þann veg að óska svara við því hver hefði orðið heildargreiðsla aðildarfélaganna vegna samkomulagsins 1997 ef uppgjórið hefði miðast við raunþróun tryggingarfræðilegra forsendna til 31. desember 2015, þ.m.t. forsendna er lutu að almennum og aldursbundnum launahækkunum. Í matsspurningunni hafi þannig ekki verið getið um eða óskað eftir því að tekið væri tillit til viðbótarsamkomulagsins 2006 í svari við henni. Að viðbótarsamkomulaginu og áhrifum þess sé heldur ekki vikið í matsgerð, a.m.k. ekki berum orðum. Því sé vanreifað í málinu hvort tekið hafi verið tillit til þess í svari við þessari matsspurningu og þá um leið í kröfugerð stefnanda í málinu.

Málsástæður og lagarök stefnda Valitor hf. fyrir frávísunarkröfu
Stefnandi hafi ekki beint málsókn að öllum þeim sem átt hafi aðild að samkomulaginu frá 1997. Allar kröfur stefnanda á hendur stefnda snúi að því að gera verði breytingar á umræddu samkomulagi. Því hafi verið nauðsynlegt að veita öllum aðilum samkomulagsins kost á að svara til sakar. Þar sem það hafi ekki verið gert verði að vísa málinu frá dómi, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Allar kröfur sem byggja á samkomulaginu frá 1997 séu augljóslega fyrndar, enda hafi stefna í málinu hafi ekki verið birt fyrir en rúmum 20 árum eftir gerð samkomulagsins. Þetta leiði til þess að stefnandi eigi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að hafa uppi kröfur um breytingar á samkomulaginu þar sem undirliggjandi kröfuréttindi séu fallin niður vegna fyrningar. Það verði því að vísa málinu frá dómi, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 verði aðeins beitt til að gera breytingar á samningi, en ekki til þess að setja inn alfarið nýtt ákvæði sem jafna megi til nýs samnings. Stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af slíkum kröfum og því verði að vísa málinu frá dómi.

Jafnframt verði að vísa aðalkröfu og annarri varakröfu stefnanda frá dómi vegna vanreifunar. Í báðum tilvikum sé gerð krafa um að bætt verði við viðbótarákvæði við samkomulagið frá 1997 sem mæli fyrir um viðbótargreiðslu í sömu hlutföllum milli aðila og miðað hafi verið við í upphaflegu samkomulagi. Séu greiðslur samkvæmt upphaflega samkomulaginu bornar saman við umkraðar greiðslur samkvæmt viðbótarákvæðinu komi í ljós að ekki sé um sömu hlutföll að ræða. Ekki sé hægt að ráða af hverju þessi munur stafi eða hver grundvöllur hlutfallsútreikninga sé og þessi óskýrleiki hafi veruleg áhrif á möguleika stefnda til að gripa til varna. Auk þessa sé verulega vanreifað hvernig greiðslur samkvæmt viðbótarsamkomulaginu komi inn í útreikninga stefnanda. Hvorki sé hægt að ráða af stefnu eða af matsgerð, sem kröfugerð stefnanda byggja á, hvort og þá hvernig tekið hafi verið tillit til þessara greiðslna, en umfjöllun í matsgerð bendi þó til þess að það hafi ekki verið gert. Málalátbúnaður stefnanda sé því verulega vanreifaður og í andstöðu við 80. gr. laga nr. 91/1991 og meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málalátbúnað.

Málsástæður og lagarök stefnda Reiknistofu bankanna hf. fyrir frávísunarkröfu
Stefnandi hafi ekki beint málshöfðun sinni að öllum sem átt hafi aðild að samkomulaginu frá 1997 eða komið í þeirra stað. Landsvaki hf., síðar Landsvaki ehf.,

hafi verið aðili að samkomulaginu 1997. Ekki verði dæmt um kröfu um breytingu á samningi nema allir aðilar samningsins eigi aðild að málinu, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Beri því að vísa máli þessu frá dómi með vísan til 2. mgr. 18. gr. laganna.

Málinu beri að vísa frá dómi sökum vanreifunar. Framsetning kröfugerðar stefnanda sé með þeim hætti að stefndu beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins einn fyrir alla og allir fyrir einn, en ekki sé tekið tillit til þess hvernig einstök aðildarfyrirtæki hafi hagað framkvæmd sinni gagnvart stefnanda og samkomulaginu sem slíku. Þá sé í stefnu engin grein gerð fyrir því með hvaða hætti stefndi eigi að hafa unnið gegn forsendum samkomulagsins.

Stefndi hafi að öllu leyti staðið við samkomulagið frá 1997. Stefndi hafi gætt að því að skuldbindingar samkvæmt launalið samkomulagsins gagnvart stefnanda hafi aldrei verið hærri en umsamin laun samkvæmt kjarasamningnum. Þær launahækkanir sem starfsmenn stefnda hafi fengið umfram kjarasamninga hafi verið færðar á annan launalið sem hafi ekki áhrif á skuldbindingar stefnanda. Stefndi telji að ef fram kæmi fullnægjandi sundurliðun niður á sjóðsfélaga einstaka aðildarfyrirtækja kæmi í ljós að háttsemi stefnda gagnvart stefnanda hafi öll verið í þá veru að heiðra samkomulagið frá 1997. Á meðan sundurliðun á einstaka sjóðsfélaga liggja ekki fyrir sé stefnda ókleift að taka til varna í málinu svo fullnægjandi sé.

Framsetning kröfugerðar sé verulega vanreifuð. Í aðalkröfu stefnanda og fyrstu varákröfu, þar sem tölur séu tilgreindar, sé ekki hægt að sjá hvernig útreikningar komi heim og saman við samkomulagið frá 1997 og hvernig viðbótarsamkomulag á árinu 2006 sé reiknað. Það fái því ekki staðist sem fram komi í stefnu að kröfufjárhæð sé í sömu hlutföllum og við gerð samkomulagsins 1997. Á þessu séu engar skýringar í stefnu. Matsgerð bæti ekki úr þessu enda sé þar ekki að finna sundurliðun á því hvað hverju og einu aðildarfyrirtæki beri að greiða vegna hinnar meintu vangreiðslu. Í matsgerð sé einungis gerð grein fyrir heildarfjárhæð meintrar vangreiðslu en hvergi sé að finna sundurliðun varðandi hvern og einn stefnda. Í útreikningum sem stefnandi vísi til sé ekki heldur að finna neinar forsendur um þær kröfur sem beinist að hverjum og einum stefnda. Þá sé ekki gerð grein fyrir því í stefnu eða matsgerð hvernig viðbótargreiðsla sem hafi verið innt af hendi af stefnda og öðrum aðildarfyrirtækjum komi inn í útreikninga á kröfum stefnanda. Um hafi verið að ræða greiðslu að fjárhæð 1.409.799.122 krónur. Stefndi hafi greitt 12,30% af þeirri heildarfjárhæð.

Hlutfallslega hafi greiðsla stefnda því verið mun hærri samkvæmt viðbótarsamkomulaginu en samkomulaginu 1997, matsgerð og kröfufjárhæð stefnu. Þá komi hvergi fram í stefnu hverju það sæti að ekki sé gerð grein fyrir meintri vangreiðslu Landsvaka ehf. sem hafi verið aðili að samkomulaginu 1997 og fái reiknaða meinta vangreiðslu í matsgerð.

Málsástæður og lagarök stefnda íslenska ríkisins fyrir frávisunarkröfu. Málatilbúnaður stefnanda sé ekki samrýmanlegur meginreglum réttarfars um skýran og ljósan málatilbúnað, samanber einkum d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Málatilbúnaðurinn sé óskýr og vanreifaður, samhengi málsástæðna sé óljóst og viðkenningarkröfur lítt afmarkaðar og háðar óvissum atvikum. Skilyrða réttarfars um þörf samaðildar hafi ekki verið gætt sem skyldi, auk þess sem á skorti að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.

Stefnandi beini aðalkröfu og varakröfum eitt og tvö að íslenska ríkinu á þeim grunni að Lánasýsla ríkisins, Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður hafi verið aðilar að samkomulaginu frá 1997 og að ríkið hafi tekið yfir skuldbindingar þeirra þegar þeir hafi hætt rekstri, sbr. lög nr. 138/2007 og lög nr. 60/1997. Af stefnu og þeim gögnum sem henni fylgi verði hins vegar ekki glögglega ráðið hver hafi greitt lífeyrисиðgjöld vegna viðkomandi starfsmanna síðan þá og hvort vinnuveitandi þessara starfsmanna hafi átt aðild að viðbótarsamkomulagi árið 2006, þar sem þessara upplýsinga sé ekki getið í stefnu sé torvelt að átta sig á hvort kröfunum sé að þessu leyti réttilega beint að íslenska ríkinu.

Þá sé aðalkröfu og varakröfum eitt og tvö beint að stefnda til vara í stað Landsbanka Íslands hf. Stefnandi rökstyðji varaaðild stefnda á þeim grunni að aðstaðan sé hin sama og ef ekki hefðu náðst samningar um aðra tilhögun, sbr. orðalag í 1. máls. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997. Um að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans sem verði til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra sé yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. og til staðar séu 1. janúar 1998, ef ekki náist á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Ekki fari saman að reisa kröfur á því að byggja eigi á samkomulaginu með breyttu efni en rökstyðja aðild stefnda með vísan til þess að ekkert samkomulag hafi í raun náðst.

Með 2. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1997 hafi Landsbanki Íslands hf. tekið yfir allar skuldbindingar ríkisbankans, bæði samkvæmt lögum og samningum, sbr. Hæstaréttardóma 9. mars 2000, í málum nr. 377/1999 og 378/1999. Í 11. gr. laganna hafi verið á því byggt að ef samkomulag tækist um uppgjör á bakábyrgð eftirlaunasjóða ríkisviðskiptabankanna fyrir yfirtöku hlutafélagabankanna yrði það bindandi og að bakábyrgð ríkisins félli niður. Að öðrum kosti myndi bakábyrgð ríkissjóðs á ríkisviðskiptabönkunum takmarkast við þær skuldbindingar sem hafi verið orðnar til og til staðar hafi verið samkvæmt reglugerðum er mælt hafi fyrir um bakábyrgð banka við yfirtöku hlutafélagabankans 1. janúar 1998. Ágreiningslaust sé að með samkomulaginu frá 1997 hafi bakábyrgð ríkissjóðs verið felld niður og ábyrgðaraðilum verið heimilað að greiða skuldina með skuldabréfum. Einnig að ríkissjóður myndi í því tilvik (ef um ríkisstofnun væri að ræða) vera ábyrgðaraðili að slíku skuldabréfi. Því sé vandséð á hvaða grundvelli stefnandi telji að ábyrgð íslenska ríkisins til vara fyrir Landsbankann sé reist.

Yrði litið svo á að umrætt samkomulag hafi ekki náðst sé enga reifun að finna í stefnu á því á hvaða grundvelli ríkið eigi að bera ábyrgð á skuldbindingum er stofnast hafi eftir að Landsbanki Íslands hafi verið lagður niður 1. janúar 1998. Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1997 hafi verið litið svo á að bakábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. væri hlutfallsleg og ef á hana reyndi tæki hún ekki til starfa viðkomandi aðila eftir hlutafélagavæðingu. Ekki verði séð að stefnukröfur málsins taki mið af þessu og séu þær að því leyti verulega vanreifaðar. Þá hafi í umræddu lagaákvæði verið gengið út frá því að ábyrgð ríkissjóðs væri einföld og að ekki kæmi til hennar nema gengið hefði verið að hlutafélagabankanum fyrst.

Stefnandi byggir þriðju varakröfu sína á því að hann eigi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um tilvist og efni réttarsambands aðila, þ.e. að stefndi íslenska ríkið beri ábyrgð á lifeyrisskuldbindingum þeirra sjóðsfélaga sem hafi verið starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998. Öðrum aðilum að ábyrgðarskuldbindingum og uppgjöri á því sé ekki stefnt til að þola slíkan viðurkenningardóm og leiði það til frávísunar málsins frá dómi, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Þá sé alls óljóst hvernig sjóðurinn sé í stakk búinn til að sérmerkja þá fjármuni sjóðsfélögum sem hafi verið starfsmenn Landsbanka Íslands, þ.e.a.s. ef sjóðnum byðist að ganga á umkrafa ábyrgð stefnda, íslenska ríkisins. Þá sé krafan

vanreifuð þar sem hún taki í engu mið af því að ábyrgð samkvæmt téðu lagaákvæði sé hlutfallsleg og einföld.

Á skorti að í stefnu sé gerð sé viðhlítandi grein fyrir þeim undirliggjandi fjárkröfum sem gerðar séu í fyrri lið aðalkröfu og varakröfu tvö. Ekki verði ráðið hversu háan hluta ætlaðrar heildarvangreiðslu samkvæmt matsgerð, þ.e. 5,4 milljarðar króna, megi rekja til lækkaðs eftirlaunaaldurs og hvað megi rekja til hækkandi lífaldurs. Í matsgerðinni sé aðeins að finna heildarfjárhæð meintrar vangreiðslu en forsendur sundurliðunar þeirrar greiðslu gagnvart hverjum og einum stefndu séu verulega óljósar. Ekki séu sömu hlutföll milli greiðslna einstakra aðila á árinu 1997 vegna 95 ára reglunnar og uppreiknaðra greiðslna sem krafist sé að einstakir stefndu greiði vegna sömu reglu. Vandséð sé hvernig og á hvaða forsendum viðbótarsamkomulagið frá árinu 2006 spili inn í útreikninga matsmanns. Þá sé síðari liður aðalkröfunnar og varakröfur eitt og þrjú lítt afmarkaðar og lúti í reynd að óvissum atvikum sem síðar kunni að koma til, nánar tiltekið ábyrgð á þróun skuldbindinga Hlutfallsdeildarinnar til framtíðar, og gangi í raun gegn kjarna samkomulags sem stefnandi hafi gert á árinu 1997.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda gegn kröfum um frávísun

Við málflutning um frávísunarkröfur stefndu vísaði lögmaður stefnanda til þess að málsgrundvöllur væri skýr og ekki gæti vafist fyrir stefndu að taka til varna, sem þeir hafi gert með ítarlegum hætti. Málið væri því ekki vanreifað. Stefndu byggji á 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, en ábyrgð stefndu á skuldbindingum stefnanda sé hlutfallsleg og sé málinu því beint að stefndu á grundvelli 19. laganna. Þriðja varakrafa beinist aðeins að stefnda íslenska ríkinu og engin þörf sé á samaðild til varnar þar. Öllum aðilum samkomulagsins væri stefnt þar sem Landsbanki Íslands hf. hafi tekið yfir réttindi og skyldur ríkisbankans Landsbanka Íslands 1. janúar 1998 og stefndi Landsbankinn hf. hafi tekið við innlendri starfsemi Landsbanka Íslands hf. í október 2008. Hann sé því réttur aðili að máli þessu og hafi í reynd viðurkennt það með greiðslum á grundvelli viðbótarsamkomulagsins frá 2006. Landsvaka hf. hafi verið slitið 2018 svo sem öllum aðilum sé kunnugt og sé honum því ekki stefnt og engar kröfur gerðar um hlut hans. Skýri það mun hlutfalla í samkomulaginu og mun á fjárhæðum í matsgerð og stefnu, en ekki sé um ósamræmi að ræða. Gagnaöflun sé

ekki lokið og unnt sé að leggja fram nýja útreikninga undir rekstri málsins og kalla matsmann fyrir dóminn.

Samkomulagið hafi verið ósanngjarnt og sé það hlutverk dómstóla að endurskilgreina þá áhættu sem í því fólst og sjóðsfélagar tóku. Með viðbótarsamkomulaginu 2006 hafi aðeins verið leiðrétt fyrir launapróun. Áhrif samkomulagsins 1997, sem verið hafi ósanngjarnt í skilningi 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, vari enn og sjóðsfélagar hafi lögvarða hagsmuni af því að fá því breytt. Kröfugerðin feli ekki í sér kröfur um nýjan samning. Sakarefnið eigi undir dómstóla og ekki sé um lögspurningu að ræða, enda hafi úrlausn málsins raunhæft gildi fyrir aðila.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Eigi sakarefni ekki undir lögsögu dómstóla ber samkvæmt niðurlagi lagaákvæðisins að vísa máli frá dómi.

Svo sem að framan er rakið gerði stefnandi samkomulag árið 1997 um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja við Greiðslumiðlun hf.-VISA Island, Landsbréf hf., Lánasýslu ríkisins, Landsbanka Íslands hf., Fiskveiðisjóð Íslands, Samband íslenskra bankamanna, Reiknistofu bankanna, Seðlabanka Íslands, Lönþróunarsjóð og Landsvaka hf. Aðalkrafa stefnanda, sem og fyrsta og önnur varakrafa, eru þær að framangreindu samkomulagi verði breytt á þann hátt að í lok þess komi nánar tilgreind viðbótarákvæði. Stefnandi byggir m.a. á því að samkomulagið frá 1997 hafi verið ósanngjarnt, forsendur þess hafi brostið og stefndu auðgast með óréttmætum hætti á kostnað stefnanda og sjóðsfélaga hans. Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til matsgerðar, dagsettrar 23. október 2017. Aðrir stefndu en Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja krefjast þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi.

Í málinu liggur fyrir að samkomulagið frá 1997 var efnt með því að árið 1998 greiddu stefndu samanlagt 6,1 milljarð króna til stefnanda, í samræmi við mat á því hvert framlag þeirra þyrfti að vera til þess að þau teldust hafa gert upp áfallnar skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda eins og þær stóðu 31. desember 1997. Þá

gerðu aðilar viðbótarsamkomulag árið 2006 og greiddu sumir stefndu um 1,4 milljarð króna til stefnanda á grundvelli þess.

Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga nr. 7/1936. Samkvæmt ákvæðinu má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Af orðalagi lagagreinarinnar má ráða að heimild dómstóla hljóti að takmarkast við breytingu á fyrirbyggjandi samningsákvæði með þeim hætti að samningsákvæði sé annað hvort breytt eða vikið til hliðar. Eins og aðalkrafa, fyrsta varakrafa og önnur varakrafa stefnanda eru settar fram fela þær ekki í sér breytingu á samningi aðila, heldur það að bætt verði við nýju ákvæði sem felur í sér nýjar skuldbindingar til viðbótar þeim sem samið var um í samkomulaginu frá 1997. Þetta eðli kröfugerðarinnar, að hún felur í sér samningsgerð fremur en breytingu á samningi, endurspeglast í málalímbúnaði stefnanda um hlutfallslega ábyrgð stefndu sem leiði til þess að ekki sé þörf á samaðild allra aðila sem áttu hlut að upphaflegu samkomulagi. Ekki er unnt að fallast á að framangreind heimild 36. gr. laga nr. 7/1936 veiti dómstólum svo víðtækt vald til að hlutast til um samningsgerð milli aðila sem í kröfugerð stefnanda felst.

Að framangreindu virtu telur dómurinn sig ekki hafa heimild til að leggja dóm á aðalkröfu stefnanda, sem og fyrstu og aðra varakröfu hans, eins og þær kröfur eru úr garði gerðar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Er því óhjákvæmilegt að vísa þessum kröfum frá dómi.

Kemur þá til skoðunar þriðja varakrafa stefnanda um að viðurkennt verði að íslenska ríkið beri ábyrgð frá 1. janúar 1998, gagnvart stefnanda, á lífeyrisskuldbindingum þeirra sjóðsfélaga í Hlutfallsdeild stefnanda sem voru starfsmenn Landsbanka Íslands fyrir 1. janúar 1998. Stefnandi byggir kröfu sína á því að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um tilvist og efni réttarsambands aðila að þessu leyti. Í stefnu er gerð grein fyrir ástæðum þess að stefnandi telur að viðkomandi sjóðsfélagar kunni að eiga þau réttindi sem krafist er viðurkenningar á og fyrir hagsmunum þeirra og stefnanda af því að fá úr því skorið. Skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála eru að mati dómsins fyrir hendi til að leita megi viðurkenningardóms með þeim hætti sem gert er í þriðju varakröfu stefnanda.

Ekki verður fallist á það með stefnda íslenska ríkinu að nauðsynlegt hafi verið að beina þessari kröfu að öðrum aðilum að ábyrgðarskuldbindingum og uppgjöri. Þá eru forsendur kröfugerðar stefnanda að mati dómsins nægilega reifaðar að þessu leyti, en gagnaöflun í málinu hefur ekki verið lýst lokið. Aðrar málsástæður stefnda íslenska ríkisins fyrir frávísun kröfunnar teljast til efnisvarna sem koma til úrlausnar við efnismeðferð málsins. Að þessu virtu verður að hafna kröfu stefnda íslenska ríkisins um að þriðju varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á aðalkröfur stefndu Landsbankans hf., Seðlabanka Íslands, Valitor hf. og Reiknistofu bankanna hf. og verður dómkröfum stefnanda á hendur þeim vísað frá dómi. Kröfum í sömu kröfuliðum á hendur stefnda Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja verður jafnframt sjálfkrafa vísað frá dómi. Eftir atvikum þykir, þrátt fyrir þá niðurstöðu, rétt að málskostnaður falli niður milli þessara stefndu og stefnanda.

Sömuleiðis verður vísað frá dómi þeim kröfum stefnanda á hendur íslenska ríkinu sem felast í A og B liðum í aðalkröfu stefnanda, í fyrstu varakröfu og í annarri varakröfu hans-. Á hinn bóginn verður að hafna kröfu stefnda íslenska ríkisins um að þriðju varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi. Ákvörðun um málskostnað milli stefnanda og íslenska ríkisins í þessum þætti málsins bíður efnismeðferðar.

Úrskurð þennan kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Aðalkröfu stefnanda, fyrstu varakröfu og annarri varakröfu hans, er vísað frá dómi.

Hafnað er kröfu stefnda íslenska ríkisins um að þriðju varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi.

Ákvörðun um málskostnað milli stefnanda og íslenska ríkisins í þessum þætti málsins bíður efnismeðferðar, en málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Krístrún Kristinsdóttir



24/4 '19